

Eigendur VesturVerks og eignarhald vatnsréttinda

Eigendur VesturVerks eru Gunnar G. Magnússon, vélataeknifræðingur, Valdimar Steinþórsson rekstrarfræðingur, og Hallvarður E. Aspelund arkitekt. VesturVerk hefur gert samning til 60 ára við alla landeigendur jarðarinnar Ófeigsfjörður um nýtingu vatnsréttinda til virkjunar Hvalár og Rjúkanda. Samningurinn var þinglýstur hjá sýslumanni á Hólmavík í maí s.l.. Auk þess hafa eigendur VesturVerks keypt persónulega um 3,1% jarðarinnar Ófeigsfjörður. Pétur Guðmundsson, sem á rúm 72% jarðarinnar Ófeigsfjörður, hefur óskað eftir að verða lítill eigandi í VV. VesturVerk hefur einnig gert samning við eiganda jarðarinnar Eyvindarfjörður um nýtingu vatnsréttinda í landi Eyvindarfjarðar vegna möguleika á stækkun virkjunarinnar, samningurinn hefur einnig verið þinglýstur hjá sýslumanni á Hólmavík. Land Ófeigsfjarðar liggur að Eyvindarfirði, helmingur vatnstéttinda, sem tilheyrir mögulegri stækkun virkjunarinnar er í eigu eiganda Eyvindarfjarðar.

Hvalárvirkjun

VesturVerk áformar að reisa og reka Hvalárvirkjun. Virkjunin er í öðrum áfanga rammaáætlunar ríkisstjórnar um forgangsstöðum virkjunarkosta á Íslandi. Orkustofnun fól Almennu Verkfræðistofunni að gera frumathugun á virkjun Hvalár og Rjúkanda með miðlun í Vatnalautavatni og inntakslóni í Efra Hvalárvatni. Athugunin fól einnig í sér mögulega viðbótarmiðlun frá Eyvindarfjarðarvatni. Forathugun OS og AV lauk árið 2007 og var birt þá um haustið. Þar er gert ráð fyrir að Hvalárvirkjun verði 30,7 MW með 7000 klst. nýtingartíma á ári. Viðbótarmiðlun frá Eyvindarfjarðarvatni eykur afl virkjunarinnar um 6,3 MW. Forathugunin gerir ráð fyrir kr. 9.2 milljarða kostnaði við fyrsta áfanga (30,7 MW) á uppreiknuðu verðlagi feb. 2008, og kr. 11,2 milljarða kostnaði við fyrsta og annan áfanga (30,7+6,3 MW) á verðlagi í febrúar 2007 með viðbótarmiðlun frá Eyvindarfjarðarvatni. Nýlega fékk Almenna Verkfræðistofan Magnús Sigurðsson til að reikna orkugetu Hvalárvirkjunar miðað við að veita Neðra Eyvindarfjarðarvatni um jarðgöng í Efra-Hvalárvatn með inntakslón í árfarvegi Hvalár. Með þessari útfærslu er áætlað afl virkjunarinnar um 35 MW miðað við 7.400 nýtingartíma á ári og 280 GWh orkuframleiðslu á ári. Nú er gert ráð fyrir að þessi útfærsla verði framkvæmd. Áætlaður kostnaður við byggingu Hvalárvirkjun samkvæmt tillögu Magnúsar er um 14 milljarðar miðað við verðlag í febrúar 2008.

Framkvæmdaáætlun

Almenna Verkfræðistofan hefur að beiðni VesturVerks gert áætlun um framkvæmdir við Hvalárvirkjun. Þar er gert ráð fyrir að rannsóknaboranir og slóðagerð hefjist næsta sumar (2009). Virkjunarframkvæmdir hefjist árið 2010 og virkjunin verði gangsett í lok ársins 2013.

Aðalskipulag Árneshrepps

Benedikt Björnsson arkitekt hefur unnið aðalskipulag fyrir Árneshrepp. Það er því sem næst lokið og hefur skipulagið nú þegar verið sent til umsagnaradila. Svör frá þeim hafa borist og er verið að bregðast við innsendum athugasemdum. Gert er ráð fyrir að aðalskipulagið verði auglýst veturinn 2009. Í aðalskipulagi Árneshrepps er gert ráð fyrir Hvalárvirkjun með vísan í forathugun OS og AV. Upphaflega var ekki gert ráð fyrir Hvalárvirkjun í aðalskipulaginu. VesturVerk óskaði eftir að gert verði ráð fyrir Hvalárvirkjun í aðalskipulaginu s.l. vetur.

Sveitarstjórn Árneshrepps

Það er vilji sveitarstjórnar Árneshrepps að virkjun Hvalár verði að veruleika. Heimamenn sjá ýmsa kosti sem fylgja fræmkvæmdinni s.s. bættar samgöngur, möguleika á þriggja fasa raftengingu, fleiri störf og auknar tekjur sveitarfélagsins.

Vatnamælingar og aðrar rannróknir

Hvalá í Ófeigsfirði hefur verið rennslismæld s.l. 25-30 ár af Vatnamælingum Íslands. Lágrennslismælingar voru framkvæmdar af Vatnamælingum Íslands nú í september að beiðni VesturVerks. Frumrannsóknir á náttúruferi á Ófeigsfjarðarheiði hafa verið gerðar. Jarðfræðingar, bæði frá Orkustofnun (Haukur Jóhannesson) og á vegum VesturVerks (Almenna Verkfræðistofan (Snorri P. Snorrason)), hafa farið á Ófeigsfjarðarheiði til forrannsókna á berglögum.

Tenging við Landsnetið

VesturVerk gerði fyrirspurn til Landsnets um tengingu Hvalárvirkjunar við landsnetið. Í svari Landsnets kom fram að virkjunin verði væntanlega tengd með 66kV streng við Mjólkárviðrun í Arnarfirði. Einnig hefur verið rætt um þann möguleika að tengja virkjunina til Ísafjarðar. Landsnet hefur nú gert ný drög um mögulegar lagnaleiðir rafmagnsina/strengja frá Hvalárvirkjun. Þar kemur fram að lína yfir Ófeigsfjarðarheiði niður í Ísafjarðardjúpið og um sæstreng til Ísafjarðar sé besti kosturinn Landsnet fagnar því að Hvalá verði virkjuð sem mun auka verulega öryggi í orkuflutningum á Vestfjörðum.

Rannsóknarleyfi

Umsókn um rannsóknarleyfi var send til iðnaðarráðherra í október 2008. VesturVerk áformar að hefja rannsóknir á berglögum á Ófeigsfjarðarheiði næsta sumar með kjarnaborun.

Rannsóknarvinna og undirbúningur

Síðastliðið sumar voru framkvæmdar rannsóknir á virkjanasvæðinu á vegum VesturVerks. Almenna Verkfræðistofan sendi jarðfræðing á staðin til að rannsókna á berglögum. Orkustofnun mældi lágrennsli í Rjúkanda, sem voru nauðsynlegar forsendur til að reikna orkugetu Hvalárvirkjunar, sem Magnús Sigurðsson gerði í framhaldinu. Einnig hefur Almenna Verkfræðistofan unnið undirbúningsvinnu varðandi framkvæmdina fyrir VesturVerk.

VesturVerk ehf

Gunnar G. Magnússon
Valdimar Steinþórsson
Hallvarður E. Aspelund